

Alþjóðalög; réttarfar og refsák

(Birtist í vefritinu; Krossgötum.)

„Skýrt brot á alþjóðalögum“ hljómar oft og tíðum í eyrum okkar. Það er ekki ýkja langt síðan, að ríkisstjórn Íslands tilkynnti, að innrás Rússa í Úkraínu – sem þeir reyndar kölluðu sérstaka hernaðaraðgerð – væri brot af því tagi. Það þurfti ekki rökstuðnings við.

Því liggur beint við að spyrja, hvað alþjóðalög séu og hvert gildi þeirra sé?

Lena Mjöll Markúsdóttir, skilgreinir alþjóðalög svo:

„Með alþjóðalögum er átt við reglur sem gilda í lögskiptum ríkja, það er samskiptum sem lúta ákvæðum laga. Einnig þær réttarreglur sem gilda um starfsemi alþjóðastofnana. Aðallega er því um að ræða ákvæði alþjóðasamninga, venjur og meginreglur. Ekkert eitt löggjafarþing setur reglurnar heldur eru þær settar af þeim aðilum sem koma að stofnun hvers alþjóðasamnings fyrir sig. Í flestum tilvikum er fullvalda ríkjum í sjálfsvald sett hvaða reglum þjóðaréttar þau kjósa að fylgja, til dæmis hvort þau gerist aðili að tilteknum alþjóðasamningi. ... Alþjóðalög, sem einnig kallast þjóðaréttur, eru reglur sem gilda með bindandi hætti í lögskiptum ríkja og einnig þær réttarreglur sem gilda um starfsemi alþjóðastofnana.“

Og ennfremur: „Með alþjóðalögum er aðallega átt við ákvæði þeirra alþjóðasamninga sem ríki eru aðilar að. Ekki er um ákveðið löggjafarþing að ræða, heldur eru reglurnar settar af þeim sem stofnuðu til alþjóðasamningsins hverju sinni. Einnig getur verið um að ræða milliríkjavenjur og meginreglur, sem hafa þó í auknum mæli vikið fyrir ákvæðum alþjóðasamninga, enda eru margir þeirra lögfesting á venjum og meginreglum. Þá má líta á úrlausnir alþjóðlegra dómstóla og landsdómstóla sem alþjóðalög enda slá þeir oft fastri þjóðaréttarvenju.“

Um er að ræða tvenns konar þjóðaréttarreglur: „Þjóðaréttur skiptist í tvenns konar reglur, almennar reglur þjóðaréttar sem binda öll ríki (lat. jus cogens) og svo aðrar reglur. Undir jus cogens falla meðal annars reglur um bann við árásarstríði, þjóðarmorðum, sjóránnum og þrælahaldi. Þegar jus cogens reglum sleppir er fullvalda ríkjum í sjálfsvald sett hvaða reglum þjóðaréttar þau kjósa að fylgja, til dæmis hvort þau gerist aðili að tilteknum alþjóðasamningi.“ [1]

Það hlýtur að vera svo að skilja, að jafnvel þótt ríki sé ekki aðilji að samnings- eða lagagerð, sé það af henni bundið, þyki lagasmiðunum hún falla undir „almennar reglur

þjóðarréttar.“ Flestar þjóðir heims hafa sameinast í Sameinuðu þjóðunum, sem er helsti samráðs- og stjórnunarvettvangur þeirra:

„Stofnsáttmáli [Sameinuðu þjóðanna](#) (e. Charter of the United Nations) er stofnskrá samtakanna. Ráðstefna um stofnun Sameinuðu þjóðanna var haldin í San Francisco í Bandaríkjunum árið 1945 og lauk henni með undirritun sáttmálans þann 26. júní 1945. Sáttmálinn öðlaðist gildi 24. október sama ár eftir að fastafulltrúar [öryggisráðsins](#) höfðu fullgilt hann. Samþykktir [Alþjóðadómstólsins í Haag](#) eru óaðskiljanlegur hluti sáttmálans.

Sáttmálinn skiptist í 19 kafla, inngangsorð og formála. Með sáttmálanum eru settar grundvallarreglur í alþjóðlegum samskiptum. Sáttmálinn hefur stöðu þjóðréttarsamnings og eru **ákvæði hans ekki lög** en hafa þó forgangsrátt að því leyti að þau ganga framur öðrum þjóðréttarsamningum (samanber [103. gr. sáttmálans](#)).“ [2]

Og ítarlegar enn: „Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna er samtökunum falið að taka að sér skráningu og þróun alþjóðalaga. Þeir rúmlega fimm hundruð sáttmálar, milliríkjasamningar og viðmiðanir sem sú vinna hefur skilað, mynda lagaramma sem stuðlar að alþjóðlegum friði og öryggi og efnahagslegri og félagslegri þróun. Ríki sem staðfesta þessa sáttmála eru lagalega bundin af þeim.“ [3]

Upphafsorð Sáttmálans gefa fögur fyrirheit: „Og ætlum [við, aðildarþjóðirnar,] í þessu skyni; að sýna umburðarlyndi og lifa saman í friði, svo sem góðum nágrönnum sæmir; að efla vinsamlega sambúð þjóða á milli, er byggð sé á virðingu fyrir grundvallaratriði jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar, og gera aðrar hæfilegar ráðstafanir til að styrkja alheimsfrið, ...“ [4] (Þessum sáttmála svipar um margt til Sáttmála dýranna í Hálsaskógi.)

Alfred de Zayas er meðal kunnra fræðimanna um alþjóðalög. Hann nam lög í Bandaríkjunum og Þýskalandi, starfaði innan vébanda Sameinuðu þjóðanna og kennir alþjóðarétt. Hann hefur m.a. gefið út bókina „Smíði réttlátrar heimsskipunar“ (Building a Just World Order). Aðra hefur hann í smíðum; „Mannréttindaiðnaðinn“ (The Human Rights Industry).

Alfred bendir á, að stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, sé eins konar „stjórnarskrá“ alþjóðasamfélagsins að telja. Þar er viðurkenndur sjálfsákvörðunarréttur þjóða og þjóðabrota, þar með talið valfrelsi um lýðræði. Lagt er blátt banni við innrás í önnur ríki. Á grundvelli ákvæða þessa efnis var t.d. aðskilnaður Slóvaka og Tékká við

Tékkóslóvakíu löglegur rétt eins og aðskilnaður sjálfstjórnarhéraða (oblast, republic) rússneskumælandi íbúa í Úkraínu við úkraínska ríkið.

Í stofnskránni er eftirminnilega kveðið á um þá skyldu að leysa ágreining með friðsamlegum hætti. Öll valdbeiting eða ógn um hana er ólög að telja eins og bann við frjálstri upplýsingaöflun.

Alfred bendir einnig á, að milliríkjasamningar séu bindandi, jafnvel þótt ekki séu færðir í letur eins og t.d. samningar rússneskra og vestrænna ráðamanna um síðustu aldamót, er lúta að þróun Nató, þ.e. að Bandalagið skyldi ekki þanið út til austurs að landamærum Rússlands. Samningur John Fitzgerald Kennedy (1917-1963) og Nikita Khrushchev (1894-1971) um lausn á Kúbudeilunni 1962, voru einnig munnlegir.

Kveðið er á um gildi munnlegra samninga í Vínarsáttmálanum frá 1969 um gerð þjóðréttarsamninga. (Vienna Convention on the Law of Treaties), enda hafði „Alþjóðlegi fastadómstóllinn“ (The Permanent Court of International Justice) úrskurðað 1933, að orð norska utanríkismálaráðherrans, Nils Claus Ihlen (1855-1925) 1919, þess efnis, að Norðmenn myndu ekki andmæla kröfu Dana um yfirráð yfir Austur-Grænlandi, væru gild að alþjóðalögum.

Áratugum síðar eða 1962, staðfesti „Alþjóðalagaráðið“ (International Law Commission) þennan skilning á gildi munnlegra samninga í alþjóðalögum. Bandaríska alþjóðalagafélagið“ (American Society of International Law) komst að sömu niðurstöðu 1997. [5]

Samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna skulu aðildarþjóðirnar skuldbundnar af samþykktum Öryggisráðsins. En það er misbrestur á því. Nýlegt dæmi er, þegar sendiherra Bandaríkjanna, Linda Thomas Greenfield, lýsti því yfir, að ályktun (resolution), er laut að vopnahléi á Gaza, væri ekki bindandi fyrir Ísrael.

Dómar Alþjóðadómstólsins í Haag (International Court of Justice) hafa heldur ekki meira vægi á alþjóðavettvangi. Ísrael virti að vettugi bráðabirgðadóm þess efnis, að því bæri að forðast þjóðarmorð á Gaza. Síðar var dómurinn þyngdur í þá veru, að Ísraelar skyldu draga herlið sitt til baka frá Rafah. Það fór á sömu leið. [6]

Aukin heldur hlutast Ísraelsmenn, leyniþjónusta þeirra, Mossad, til um störf Alþjóðasakadómstólsins (International Criminal Court). Þessar ofsóknir hófust 2015, í kjölfar þess, að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi Palestínu sem aðildarland að samtökunum. Dómstóllinn var stofnaður samkvæmt „Rómarlögnum“ (Rome Statute) frá 1998. [7]

Dómstóllinn hefur látið frá sér fara, að „átt hafi sér stað margvíslegar ógnir og boðskipti, sem líta má á sem óviðeigandi afskipti af starfi hans.“ [8]

Það vekur athygli í þessu sambandi, að Alþjóðasakadómstóllinn hafi meinað Palestínumönnum að verjast með skírskotun til fjórða skjals (protocol) Genfarsáttmálans (Geneva Convention). Alþjóðalög eru annars ótvíræð með tilliti til réttar þjóða, þjakaðra af erlendri áþján eða nýlendukúgun, að grípa til vopna, sbr. ályktun Sameinuðu þjóðanna 37/43 frá 1982. [9]

Það er sömuleiðis eftirtektarvert, að sjálfst réttarkerfi Sameinuðu þjóðanna, þ.e. bæði Alþjóðadómstóllinn (International Court of Justice) og Alþjóðasakadómstóllinn (International Criminal Court), hafa látið sem vind um eyru þjóta eða því sem næst, þjóðarmorðið í Palestínu.

Það er beinlínis furðulegt í ljósi þess, að fyrir liggur „Alþjóðlegi sáttmálinn um þjóðarmorð“ (International Genocide Convention), sem kveður m.a. á um skyldu til að koma í veg fyrir þjóðarmorð og refsa fyrir það.

Ansarallah (Houthi- Hútarnir) í Jemen og Hesbolla í Líbanon skírskota til þessara ákvæða í viðleitni sinni til að styðja íbúa Gaza með vopnavaldi. Aðildarþjóðum Sameinuðu þjóðanna rennur blóðið til þeirra skyldu að koma í veg fyrir ódæðisverk eins og stríðsglæpi, þjóðernishreinsanir og glæpi gegn mannkyni. Því er það, að leiðtogar ríkja, sem láta hjá líða að sinna þessari skyldu sinni, gerast brotlegir við alþjóðalög. [10]

Enn fremur mætti ætla, að yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, þess efnis, að hernám og innlimum Ísraels á Gólanhæðum og Austur-Jórsölum, sé ómerkur og ólöglegur gjörningur, skipti máli í umfjöllun dómsins. [11]

Í ofangreindum dæmum er um að ræða einstök ríki. En vanvirðing við Stofnskrá eða Sáttmála Sameinuðu þjóðanna á sér einnig stað af hálfu alþjóðasamtaka á borð við Norður-Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organization- NATO), t.d. við árásirnar á Serbíu, Líbíu, Sýrland, Afganistan og Írak.

Í tilviki Serbíu var um að ræða markvissan grimmdarverkaáróður Bandalagsins í því skyni að villa um fyrir aðildarþjóðunum og Öryggisráðinu, svo lögð yrði blessun yfir loftárásirnar (eins og síðar t.d. á Líbíu). Leiðtogi Serba, Slobodan Milosevic (1941-2006), var sakaður um fjöldamorð á eigin þegnum, sbr. uppspunann um Racak „fjöldamorðin.“ Loftárásir Nató á Líbíu 2011 á grundvelli tilhæfulaus áróðurs um fjöldamorð, var eins konar endurtekning á Serbíuósvinnunni.

Spuninn um fjöldamorðin í Racak var sem sé réttlæting á loftárásum Bandaríkjanna (Nató) á Beograd. Bill Clinton, sagði [12]:

„Við skulum hafa í huga atburðina í þorpinu, Racak, í janúar s.l. Saklausir karlar, konur og börn, voru numin á brott og neydd til að krjúpa í leðjunni á skurðbarmi, þar sem kúlnaregnið buldi á þeim. Það var ekki vegna þess, að þau hefðu neitt til sakar unnið heldur vegna þess, hver þau voru“ [Albanar í Kosóvó].

Ákvörðun um árás á Serbíu var andstæð samþykktum Sameinuðu þjóðanna og Öryggisráðið lagði ekki blessun sína yfir hana. Þegar Kosóvó lýsti yfir sjálfstæði frá Serbíu þann 17. febrúar 2008, innti Allsherjarþingið Alþjóðadómstólinn (International Court of Justice) álit á grundvelli alþjóðalaga. Svárið var: „Sjálfstæðisyfirlýsingin ... brýtur ekki í bága við almenn alþjóðalög.“ Bandaríkin hafa nú umsvifamikla herstöð í Kosóvó.

Nató réðst inn í Írak eins og Serbíu og Kosóvó. Innrásin var sömuleiðis réttlætt á grundvelli lyga um gereyðingarvopn Íraka, m.a. lífefnavopn. Sama gerðu Bandaríkjamenn í Sýrlandi. [15]

Slobodan Milosevic, forsætisráðherra Serbíu, var dreginn fyrir „alþjóðadómstól“ (International Criminal Tribunal for the former Yugoslavia – ICTY) vegna áróðurs Vesturlanda um óhæfuverk; glæpi gegn mannkyni, þjóðarmorð og svo framvegis. Réttarhöldin stóðu í fjögur ár eða þar til að Slobodan lést. Opinber dánarorsök var hjartaáfall. Sjálfur kvartaði hann undan því, að honum væri byrjað eiturolyf (rifapícín) fannst í blóði hans tveim mánuðum fyrir andlátíð. Honum var meinað að verja sig sjálfur.

Júgóslavíuglæpadómstóllinn var stofnaður og skipaður í maí 1993 á grundvelli samþykktar Öryggisráðsins með skírskotun til sjöunda kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna. Þetta var fyrsti stríðsglæpadómstóll, sem settur var á stofn, síðan réttað var í Toykíó og Nürnberg vegna stríðsglæpa þjóðverja og Japana í annarri heimstyrjöldinni. Hann er að mestu fjármagnaður af Nató. Sama máli gegnir um Alþjóðadómstólinn (International Court of Justice). [13]

Dómur Júgóslavíuglæpadómstólsins leiðir hugann að nýrri dómi í tengslum við hernað. Alþjóðasakadómstóllinn (International Criminal Court – ICC) hefur gefið út handtökuskipun á hendur forseta Rússlands, Vladimir Putin, og yfirmanni Barnaréttindaskrifstofu Rússlands (Children’s Right Commissioner), Maria Llove-Belova.

Sakarefnið er barnsrán (kidnapping) og útleið (deportation) barna. Dómstóllinn telur skynsamlega ástæðu til að ætla, að fyrrgreind séu sek. Einkum er skírskotað til skýrslu, sem unnin var af bandarískri stofnun, „Yale lýðheilsuskólanum – mannúðarrannsóknarstofunni“ (Yale School of Public Health – Humanitarian Research Laboratory). Vísindamenn rannsóknarstofunnar hafa hvorki drepit fæti niður í Rússlandi, né skoðað þær stofnanir rússneskar, sem um ræðir.

Skýrslan var þegar komin há máli, áður en til umfjöllunar dómstólsins kom. T.d. sagði forsætisráðherra Kanada, Justin Trudeau: „Rússar hafa rænt þúsundum úkraínskra barna. Þetta er þjóðarmorð, hrein og tær nýlendustefna.“

Vanþóknun í garð Rússa vegna innrásarinnar í Úkraínu, þegar þeir léku sama leikinn og Nató í Kosóvó- með skírskotun til greinar 51. í Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna um sameiginlegar (collective) varnir- varð til þess, að þeir voru reknir úr Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í apríl 2022, jafnvel þótt dómur hefði ekki fallið í „barnsráns málinu.“ Rússar fylgdu þar með Líbíu. Sendiherra Bandaríkjanna sagði þátttöku Rússa skemma trúverðugleika Ráðsins. [14]

Þess ber að geta, að þegar borgarastyrjöldin í Úkraínu hófst árið 2014, í kjölfar þess, að lýðræðislega kjörinni stjórn var steypt af stóli, að undirlagi Bandaríkjanna, fengu börn frá Donetsk og Lugansk tilboð um skólavist í Rússlandi eða dvöl í æskulýðsbúðum - að sögn Rússa og heimamanna. Sum þeirra hafa verið ættleitt.

Dómstóllinn virðist ekki hafa gefið því gaum, að árásir á börn og almenna borgara sé glæpur gegn mannkyni, samkvæmt Genfar sáttmálanum. Dómur er ekki fallinn í málinu.

Samkvæmt framansögðu er skiljanlegt, að sænski friðarfræðingurinn, Ola Tunander, hafi komist að þeirri niðurstöðu, að stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, sjálf stjórnarskráin, sé túlkuð eins og hagsmunaaðiljum eða sigurvegurum í stríði best hentar hverju sinni.

Hollusta og hræsni er í því sambandi auðsæ. T.d. er Rússum legið á hálsi fyrir að hafa hernumið um fimmtung landsvæðis í Úkraínu, en stjórnvöld á Vesturlöndum gera ekki athugasemdir við hernám Bandaríkjanna í Sírylandi. Það nemur um þriðjung landsins. Þar er besta landbúnaðarlandið að finna, svo og olíu. Hertekið land Ísraels í Palestínu er jafnvel meira. Þó hefur engin þjóð farið að dæmi Vesturlanda í Úkraínu og vopnvædd Palestínumenn í svipuðum máli og gert er í Úkraínu.

Það eru óneitanlega mörg álitamálin í alþjóðarétti. Nú, þegar kjarnorkuógn vofir yfir eina ferðina enn, er ekki úr vegi að rifja upp, að Alþjóðadómstóllinn hefur – þrátt fyrir bann Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna við innrás og ógn – gefið álit í þá veru, að beiting kjarnorkuvopna sé heimil, þegar tilvist ríkis sé ógnað. [18]

Í þessu sambandi ber að nefna, að Bandaríkjamenn hafa sagt upp samningum um takmörkum langdrægra kjarnorkuvopna og rýmkað skilyrði fyrir beitingu þeirra. Rússar segjast einungis beita kjarnavopnum, verði tilvist þeirri ógnað.

Í aldarfjórðung hafa Rússar reynt að koma Vesturlöndum í skilning um þá ógn, sem þeir telja, að fyrir hendi sé. Þeir hafa talað fyrir daufum eyrum. Rússum stafar sérstök ógn af útpenslu Nató að landamærum sínum. Útpenslan er samkvæmt munnlegum samningum við ráðamenn Vesturlanda, brot á alþjóðalögum. Ráðstjórnarríkin/Rússar stóðu við sinn þátt í samkomulaginu, drógu herlið sitt til baka frá Þýskalandi.

Vestrænir leiðtogar hafa ekki gengið gruflandi að því, hvernig Rússar myndu túlka aðild Úkraínu að Nató. Angela Merkel, sem síðar sveik báða Minsk friðarsamninganna, sagði t.d., að Rússar myndu túlka slíkan gjörning sem „stríðsyfirlýsingu.“ Minsk II samningurinn var fullgildur samningur að alþjóðalögum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði lagt blessun sína yfir. Vesturveldin gerðust því brotleg við alþjóðalög með því að hunsa samninginn, svo vopnvæða mætti Úkraínu.

Joseph E. Hilbert, bandarískur hershöfðingi, sagði: “Stærstu mistök Rússa voru að veita okkur næði til að undirbúa [stríðið].“ Þessi orð féllu 4. maí 2022, rúmri viku, eftir innrás Rússa í Úkraínu. Brotaviljinn virðist augljós. Orð í sömu veru hafa hrotið úr munnni Francois Holland, en Frakkar og Þjóðverjar voru beinir aðiljar að samningunum.

Það ætti að vera morgunljóst, að staðsetning vopna við landamæri Rússa, væru „ógn við friðinn,“ sem er ólöglegt háttalag samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Það er líka starfsemi lífefna- lífvopnarannsóknarstofa í grannríkjunum. En Bandaríkjamenn, „Varnarskrifstofan,“ (Defense Threat Reduction Agency) hafði staðsett einar 46 slíkar í Úkraínu (og fleiri í Georgíu og Kasakstan).

(Slíkar rannsóknastofur eru líka staðsettar í grennd við Kína; Víetnam, Taílandi og Laos. Sjá bók Robert P. Kadlec: „Vígveli framtíðarinnar“ (Battlefield in the Future), þar sem hann færir rök fyrir því, að lífefnavopn kynnu að vera öflugri en kjarnavopn.)

Bandarískir lögfræðingar hafa sömuleiðis túlkað staðsetningu vopna í grennd við landamæri sem ógn við öryggi grannþjóðar og í því sambandi skírskotað til 51. greinar stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt til sjálfsvarnar, þar sem um væri að ræða

„ógn við friðinn.“ Við slíkar aðstæður væri jafnvel réttlætanlegt að verða fyrri til, gera „varnarárás“ (pre-emptive strike), en það var einmitt það, sem Þjóðverjar gerðu gagnvart Hollandi, Belgíu og Frakklandi, þegar Bretar höfðu safnað liði til árása í annarri heimstyrjöldinni. Sama átti við um Rússa síðar.

Sjálfsákvörðunarréttur þjóðar í öryggismálum takmarkast af rétti annarra þjóða til öryggis, þ.e. öryggi einnar þjóðar getur ekki orðið á kostnað annarrar. Um þetta hefur verið fjallað af Palme-ráðinu um sameiginlegt öryggi (Palme Commission on „Common Security“) 1982 og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (Organization for Security and Co-operation in Europe – OSCE), sbr. „Parísartofnskrána fyrir hina nýju Evrópu“ (Charter of Paris for a New Europe), sem undirrituð var af öllum þar til bærum þjóðum 1990. Í samningi Nató og Rússlands (NATO-Russia Founding Act) frá 1997 er kveðið á um evrópska þróun, án tálmana. [16]

Því miður er enn af mörgu að taka, þegar brenglað alþjóðaréttarkerfi er annars vegar, eins og t.d. réttarhöld sigurvegaranna í annarri heimstyrjöldinni (Nürnberg og Tokió) og réttarhöldin vegna stríðsglæpa í Rúanda. Þau stjórnúðust einnig af refsák stjórnmálamanna og hagsmunaaðilja. [17]

Niðurlag: Ég brosi stundum að blessuðum barnabörnunum, þegar þau bjóða mér að taka þátt í hinum og þessum leikjum. Það bregst varla, að leikreglur taki breytingum eftir öðrum torræðum reglum – sérstaklega, sé ég sigurstranglerur. Þau bera óhjákvæmilega sigurorð af mér, þeirra er nefnilega leikvaldið.

Leikurinn á heimssviðinu er svipaðs eðlis, en afleiðingarnar stundum skelfilegar. Sigurvegararnir eða valdhafarnir setja eða túlka leikreglur, refsa og kúga – meira eða minna, án tillits til alþjóðalaga.

Valdið yfir hugum manna, frásagnarvaldið og vitundariðnaðurinn, gerir iðulega gæfumuninn. Það virðist í meginatriðum eiga við á báðum (virkum) vígstöðvum Bandaríkjamanna (og Nató); Úkraínu og Palestínu/Ísrael.

[1] <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=65825>

[2] <https://www.evropuvefur.is/svar.php?id=65515>- Evrópuvefurinn: Alþjóðadómstóllinn í Haag (evropuvefur.is)

[3] <https://unric.org/is/altjoealoeg/>

[4] <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/althjodamal/um-althjodastofnanir/sattmali-sth/>

- [5] https://www.youtube.com/watch?v=21h_2RyQKRU
- [6] <https://www.voltairenet.org/article220965.html>
- [7] <https://www.icc-cpi.int/sites/default/files/2024-05/Rome-Statute-eng.pdf>
- [8] <https://english.almayadeen.net/articles/analysis/mossad-and-its-network-of-little-helpers--the-sayanim>
- [9] [International Law Guarantees Palestinians the Right To Resist- Palestine Chronicle- Israeli occupation and international humanitarian law- Conf. of High Contracting Parties to 4th Geneva;Convention- Paper by Palestine/Non-UN document- Question of Palestine- https://michelchossudovsky.substack.com/p/when-the-lie-becomes-the-truth-israel?utm_source=profile&utm_medium=reader2](https://michelchossudovsky.substack.com/p/when-the-lie-becomes-the-truth-israel?utm_source=profile&utm_medium=reader2)
- [10] <https://www.declassifieduk.org/icc-must-investigate-british-ministers-for-complicity-in-gaza-war-crimes/>
- [11] <https://www.britannica.com/summary/international-law>
- [12] [HC 119 Libya: Examination of intervention and collapse and the UK's future policy options \(parliament.uk\)- https://www.rferl.org/a/1066617.html-](https://www.rferl.org/a/1066617.html)
[https://covertactionmagazine.com/2024/06/05/declassified-bbc-and-mi6-kosovo-war-propaganda-blitz/?mc_cid=5bdc61cfef&mc_eid=5cd1ec03b1-](https://covertactionmagazine.com/2024/06/05/declassified-bbc-and-mi6-kosovo-war-propaganda-blitz/?mc_cid=5bdc61cfef&mc_eid=5cd1ec03b1) The CIA's Racak 'Massacre' Hoax- by Kit Klarenberg- Serb killings 'exaggerated' by west | World news | The Guardian- Milosevic et al. "Kosovo"- Second Amended Indictment (icty.org)
- [13] [Sri Lanka Get Ready: Lessons from Tribunal against Yugoslavia | sinhalanet.net](https://sinhalanet.net)
- [14] [The UN Human Rights Council is a Farce, It Has Hurt Its Credibility – The Expose \(expose-news.com\)](https://expose-news.com)
- [15] [Fact Sheet on WMD Threat Reduction Efforts with Ukraine, Russia and Other Former Soviet Union Countries > U.S. Department of Defense > Release](https://www.dod.gov/defense-releases/2002/020202a.htm)
- [16] [https://www.foreignaffairs.com/reviews/capsule-review/1982-09-01/common-security-blueprint-survival-](https://www.foreignaffairs.com/reviews/capsule-review/1982-09-01/common-security-blueprint-survival) [https://www.osce.org/files/f/documents/0/6/39516.pdf-](https://www.osce.org/files/f/documents/0/6/39516.pdf) [https://www.nato.int/cps/su/natohq/official_texts_25468.htm-](https://www.nato.int/cps/su/natohq/official_texts_25468.htm) https://olatunander.substack.com/p/did-russia-violate-international?utm_source=post-email-title&publication_id=1510517&post_id=137593937&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email-

https://olatunander.substack.com/p/did-russia-violate-international-e3a?utm_source=post-email-title&publication_id=1510517&post_id=137602027&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://olatunander.substack.com/p/did-russia-violate-international-875?utm_source=post-email-title&publication_id=1510517&post_id=137616294&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

[17] https://corbette.report.substack.com/p/the-rwandan-genocide-is-a-lie?utm_campaign=email-half-post&r=ry8jq&utm_source=substack&utm_medium=email

[18] [7497.pdf \(icj-cij.org\)](#)-